

Mánudaginn 10. febrúar 1986.

Nr. 196/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigurði Markúsi Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. júní 1985 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 1. nóvember 1985.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því að refsing ákærða verður ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Markús Sigurðsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21.maí 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 21. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 281/1985: Ákærvaldið gegn Sigurði Markúsi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 2. apríl sl., gegn ákærða, Sigurði Markúsi Sigurðssyni, Vesturgötu 149, Akranesi, fæddum í Reykjavík 22. júlí 1961, „fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot framin í Reykjavík þriðjudaginn 29. janúar 1985:

1.

Farið inn í íbúð við Hverfisgötu 92A og stolið þar kaffikönnu, borð-lampa, um 8 smástyttum og seðlaveski með um 700 krónum.

2.

Brotist inn í íbúð við Hverfisgötu 68A og stolið bankabók frá aðalbanka Landsbanka Íslands með innistæðu að fjárhæð kr. 42.300, útvarps- og segulbandstæki, myndavél af gerðinni KONICA, svartri úlpu, peningabuddu með erlendri mynt og 67 áteknum tónsnældum.

3.

Brotist inn í íbúð að Hverfisgötu 67 og stolið þar útvarps- og segulbandstæki, rafmagnsrakvél og leðurtösku.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Að morgni þriðjudagsins 29. janúar sl. strauk ákærði einn síns liðs úr refsivist frá Litla-Hrauni. Fór hann til Reykjavíkur og fór inn í þrjár íbúðir við Hverfisgötu í þjófnaðarskyni. Að Hverfisgötu 92A fór hann inn í ólæsta íbúð og stal þar tveim pörum af kvenskóm, gallabuxum, kápu, 3 beltum, kaffikönnu, 8 styttum og seðlaveski með 700 krónum. Þá fór hann inn um salernisglugga á bakhlið hússins nr. 68A og stal þar bankabók frá aðalbanka Landsbanka Íslands með innistæðu að fjárhæð kr. 42.300, útvarps- og segulbandstæki, myndavél af gerðinni Konica, úlpu, peningabuddu með erlendri mynt og 67 myndbandsspólum. Loks braut ákærði rúðu við útidyr hússins nr. 67 og gat að því búnu opnað útidyrnar innan frá. Þarna stal hann útvarps- og segulbandstæki, rafmagnsrakvél og leðurtösku. Faldi ákærði þýfið í garði hússins, og komst það allt til skila.

Framangreint þýfi, sem ákærði stal að Hverfisgötu 92A og 68A fannst við leit lögreglu í íbúð að Hverfisgötu 86 þar sem ákærði hélt til, en að sögn íbúa að Hverfisgötu 92A söknuðu þeir einnig borðlampa, snyrtivara, peysu og seðlaveskis, sem ekki komst til skila.

Ákærði kvaðst hafa verið undir miklum áhrifum áfengis og lyfja þá er hann framdi ofangreindan verknað. Hann hafi sett varninginn í poka og

mundi ekki nánar nema að litlu leyti, hverju hann stal á hverjum stað.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað að ákærði sló eign sinni á þá muni sem greint er frá í ákæru að öðru leyti en því að ekki telst sannað, að hann hafi stolið borðlampa þeim sem um getur í 1. lið ákæru. Ákærði er hins vegar ekki ákærður fyrir tókuna á tveim þörum af kvenskóm, gallabuxum, kápu og 3 beltum, sem fannst við framangreinda húsleit að Hverfisgötu 86 og hvarf frá Hverfisgötu 92A þennan dag, og verður hann því ekki sakfelldur fyrir þann þjófnað.

Engar bótakröfur hafa verið lagðar fram í málinu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann á árunum 1976-1983 sætt eftirtöldum refsingum:

Hann hefur tvívegis gengist undir dómsátt vegna ölvunar á almannafæri (árin 1976 og 1977) og einu sinni fyrir fíkniefnabrot. Þá var hann árið 1977 einnig uppvís að skjalafalsi og þjófnaði, en ákæru frestað skb. í 2 ár frá 7. janúar það ár. Frá árinu 1979 hefur hann 13 sinnum verið dæmdur, samtals í 43 mánuði og 15 daga, en þar af 3 mánuði skilorðsbundna, fyrir skjalafals, þjófnaði, nytjastuld gripdeild og líkamsárás (217. gr.). Í ellefu af framangreindum dómum var ákærði sakfelldur fyrir þjófnað.

Síðustu tveir refsíðómarnir voru kveðnir upp yfir honum þann 20. desember sl., en með þeim dómi var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, og 26. mars sl., en með þeim dómi var hann dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir fjársvik og hylmingu.

Þá var hann einnig dæmdur í gær í 12 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, fjársvik, þjófnað og tilraun til þjófnaðar.

Brot ákærða, sem hér er fjallað um, eru framin áður en síðastgreindur dómur var upp kveðinn, og ber því nú að ákveða honum hegningarauka skv. 78. gr. alm. hegningarlaga, sem þykir með hliðsjón af 72. gr., 77. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðinn 2 mánaða fangelsi.

Þá er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 6.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Markús Sigurðsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 6.000.